

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar

***Mat á skilgreindum þáttum á tímibili
vaxtarsamningsins (2004-2007)
og starfsemi einstaka klasa***

Desember 2008

HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR

Unnið fyrir:

Byggðastofnun

Efnisyfirlit

FORMÁLI	III
1. UM VERKEFNIÐ	4
1.1 BAKGRUNNUR OG AFMÖRKUN VERKEFNISINS	4
1.2 FORSENDUR OG MARKMIÐ VERKEFNISINS	6
1.3 GÖGN OG AÐFERÐIR	6
2. NIÐURSTÖÐUR MATS Á ÁRANGRI	10
2.1 EFLA EYJAFJARÐARSVÆÐIÐ SEM EFTIRSÓTTAN VALKOST TIL BÚSETU.....	10
2.1.1 Viðhorf íbúa	10
2.1.2 Viðhorf annarra landsmanna.....	11
2.1.3 Breyting á mannfjölda innan svæðisins	11
2.1.4 Niðurstaða	12
2.2 STUÐLA AÐ FJÖLGUN ÍBÚA Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU	12
2.2.1 Íbúafjöldi	13
2.2.2 Niðurstaða	13
2.3 AUKA SAMKEPPNISHÆFNI SVÆÐISINS OG EFLA HAGVÖXT.....	13
2.3.1 Þróun lykilþátta í samkeppnishæfni svæðisins.....	14
2.3.2 Niðurstaða	17
2.4 ÞRÓA OG STYRKJA VAXTARGREINAR OG EFLA SÉRÞEKKINGU	17
2.4.1 Hlutfall klasa sem ná markmiðum sínum.....	18
2.4.2 Fjöldi námskeiða sem VAXEY á þátt í.....	18
2.4.3 Breytingar á menntunarstigi.....	18
2.4.4 Niðurstaða	19
2.5 FJÖLGA SAMKEPPNISHÆFUM FYRIRTÆKJUM OG STÖRFUM OG EFLA FRAMBOÐ Á VÖRUM OG ÞJÓNUSTU.....	19
2.5.1 Hlutfall starfa yfir ákveðinni launatölu.....	20
2.5.2 Niðurstaða	21
2.6 NÝTA MÖGULEIKA SEM SKAPAST MEÐ AÐILD AÐ ALÞJÓÐLEGUM VERKEFNUM	22
2.6.1 Þátttaka fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum	22
2.6.2 Styrkur frá erlendum samstarfsverkefnum	23
2.6.3 Niðurstaða	23
2.7 LAÐA AÐ ERLENDA FJÁRFESTINGU OG ÞEKKINGU	23
2.7.1 Fjöldi erlendra fjárfesta.....	24
2.7.2 Niðurstaða	24
3. LOKAORÐ	25

Myndaskrá

Mynd 1. Áhrifasvæði Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.....	5
Mynd 2. Matspættir sem litið var til varðandi eflingu Eyjafjarðarsvæðisins sem eftirsóttur valkostur til búsetu.	10
Mynd 3. Matspáttur sem litið var til varðandi að stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu um 1500 frá árinu 2003 til 2007.	12
Mynd 4. Matspættir sem litið var til varðandi að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.	14
Mynd 5. Matspættir sem litið var til varðandi að þróa og styrkja vaxtargreinar og efla sérþekkingu.	18
Mynd 6. Matspættir sem litið var til varðandi að fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.	20
Mynd 7. Matspættir sem litið var til varðandi að nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.	22
Mynd 8. Matspáttur sem litið var til varðandi að laða að erlenda fjárfestingu og þekkingu.	24

Töfluskrá

Tafla 1. Efla Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu.	7
Tafla 2. Stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu um 1500 frá árinu 2003 til 2007.	7
Tafla 3. Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.	8
Tafla 4. Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.....	8
Tafla 5. Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu..	9
Tafla 6. Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.	9
Tafla 7. Laða að erlenda fjárfestingu og þekkingu.	9
Tafla 8. Breyting á mannfjölda innan svæðis 2004-2007.	12
Tafla 9. Íbúafjöldi sveitarfélaga í Eyjafirði 2004-2007.	13
Tafla 10. Helstu breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækja árin 2005 og 2007.	15
Tafla 11. Helstu breytingar á viðskiptaumhverfi fyrirtækja árin 2005 og 2007.....	16
Tafla 12. Menntunarstig mannfjöldans á Eyjafjarðarsvæðinu.	19
Tafla 13. Staðgreiðsla á hvern íbúa eftir sveitarfélögum, á verðlagi ársins 2007.....	20
Tafla 14. Tekjujöfnunarframlag á hvern íbúa eftir sveitarfélögum:.....	21

Formáli

Þessi skýrsla geymir afrakstur vinnu starfsmanna Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri sem fram fór í tengslum við mat á árangri Vaxtarsamnings Eyjafjarðar og starfsemi einstaka klasa. Vinna þessi fór fram að beiðni Byggðastofnunar og er framlag Byggðastofnunar til Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Hér á eftir verður greint frá bakgrunni og afmörkun verkefnisins sem og þeirri aðferðafræði og vinnuferli sem beitt verður við upplýsingaöflun og greiningu á mati á breytingum á skilgreindum þáttum á tímabili Vaxtarsamningsins 2004–2007. Niðurstöður greiningarvinnunnar eru að endingu settar fram á myndrænu- og töfluformi og í texta.

Fjöldmargir aðilar liðsinntu skýrsluhöfundi við vinnu þessarar skýrslu og í þeirri greiningarvinnu sem skýrslan byggir á.

*Hjördís Sigursteinsdóttir
RHA – Rannsókn- og þróunarmiðstöð
Háskólans á Akureyri*

1. Um verkefnið

Hér á eftir verður fjallað um bakgrunn og afmörkun verkefnisins um mat á árangri *Vaxtarsamnings Eyjafjarðar*. Einnig verður greint frá þeirri aðferðafræði og því vinnuferli sem beitt var við greiningarvinnu verkefnisins.

1.1 Bakgrunnur og afmörkun verkefnisins

Árið 2002 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 og var þar m.a. lagt til að unnin yrði sérstök byggðaáætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Afrakstur þeirra vinnu liggur fyrir í skýrslu sem ber heitið *Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis til aukinnar samkeppnishæfni, sóknar og alþjóðatengsla*. Þar kemur fram að það sé mat aðila að Eyjafjarðarsvæðið eigi sér mikla möguleika til vaxtar, þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættu lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, samhliða nýjum áherslum og aukinni sókn í þau tækifæri sem hægt er að nýta. Það er mat aðila að sýn til framtíðar byggist á þeim styrkleika og þeim miklu tækifærum sem framundan eru og mælt er með því að hún verði eftirfarandi¹:

Fyrir árið 2020 verði íbúatala Eyjafjarðarsvæðisins um 30.000 í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi með sterk alþjóðleg tengsl.

Til þess að framfylgja þessari sýn var gerður rammisamningur milli Iðnaðarráðuneytisins, Akureyrarbæjar, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Byggðastofnunar, Háskólans á Akureyri, Iðntæknistofnunar Íslands, Kaupfélags Eyfirðinga, Skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi, Stéttarfélaganna í Eyjafirði og Útflutningsráðs Íslands. Í samningnum er kveðið á um að aðilar skuldbinda sig til samstarfs í


¹ Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðisins. Tillögur Verkefnisstjórnar um byggðaáætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið, mars 2004.

samræmi við markmið og önnur ákvæði sem getið er um í samningnum sem miða að uppbyggingu atvinnulífs í Eyjafirði.

Markmið samningsins er að:

- Efla Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu.
- Stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu um 1500 frá árinu 2003-2007.
- Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar, eins og heitið ber með sér, nær til allra sveitarfélaga í Eyjafirði, Akureyrar, Arnarneshrepps, Dalvíkurbyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgárbyggðar, Ólafsfjarðarbæjar og Svalbarðsstrandarhrepps. Áhrif vaxtarsamningsins nær þó yfir mun stærra svæði þó þau fari minnkandi með meiri fjarlægð út frá megin kjarnanum.



Mynd 1. Áhrifasvæði Vaxtarsamnings Eyjafjarðar²

² Heimild: Vaxtarsamningur Eyjafjarðar, bls. 9

Meginverkefni Vaxtarsamnings Eyjafjarðar er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- Mennta- og rannsóknaklasi.
- Heilsuklasi.
- Ferðaþjónustuklasi
- Matvælaklasi.

Jafnframt er kveðið á um það í 3. gr. rammisamningsins Vaxtarsamnings Eyjafjarðar að Vaxtarsamningurinn, staða, aðgerðir og áhrif verði metin árlega, m.a. út frá tölulegum staðreyndum um fjölda starfa og veltu af starfsemi sem rekja má til vaxtarsamningsins, bæði innan klasanna og utan. Einnig verði lögð áhersla á atriði er treysti samkeppnishæfni atvinnulífs og svæðisins, m.a. með nýtingu á samanburðarrannsóknnum og kynningum er þetta varðar, með innlendum og erlendum aðilum á þessu sviði.

Í tengslum við þennan þátt rammisamningsins fékk Byggðastofnun Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) í lið með sér og er hlutverk RHA ásamt Byggðastofnun að meta árangur Vaxtarsamningsins.

1.2 Forsendur og markmið verkefnisins

RHA tók að sér að meta árangur Vaxtarsamningsins, þ.e. meta breytingar á skilgreindum þáttum á tímabili vaxtarsamningsins, 2004-2007 og starfsemi einstaka klasa. Lögð voru til grundvallar þau markmið sem stefnt var að með rammisamningnum og getið er hér að framan. Einnig var höfð til hliðsjónar skýrsla verkefnisstjórnar um byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð frá mars 2004 þar sem m.a. komu fram tillögur sjö starfshópa um afmörkuð málafni.

1.3 Gögn og aðferðir

Lögð var áhersla á að byggja mat á árangri Vaxtarsamningsins á fyrirliggjandi gögnum en ekki að afla frumgagna. Um var að ræða gögn frá opinberum aðilum, Hagstofu Íslands, Byggðastofnun, Ríkisskattstjóra og Vinnuálastofnun, gögn í eigu RHA (viðhorfskannanir meðal Eyfirðinga), gögn frá stjórnendum klasanna fjögurra, gögnum frá starfsmönnum HA (rannsókn á stjórnunar-

háttum fyrirtækja) og síðast en ekki síst frá aðilum Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Ákveðið var að finna hentuga mælipætti fyrir hvert markmið Vaxtarsamningsins en hafa ber í huga að sum markmið hans eru fjölþætt sem gerir mælanleika mjög erfiða. Í þeim tilvikum er um að ræða mat tiltekinna sérfræðinga og er þá getið um það sérstaklega. Á verktímanum voru mælipættir mældir þrisvar sinnum, árið 2005 og þróunin fram að þeim tíma þar sem við á, annar mælipunktur er árið 2006 og þriðji mælipunktur er árið 2007.

RHA og Byggðastofnun skiptu með sér mælingum á þessum þáttum en í töflum 1-7 má sjá þá mælipætti sem notaðir voru, gögn sem lagt var upp með að styðjast við og ábyrgðaraðila mælipáttarins.

Tafla 1. Efla Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu.

1 Efla Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu.		
<i>Mælikvarði:</i>	<i>Gögn:</i>	<i>Ábyrgðaraðili:</i>
Viðhorf íbúa	Spurningar varðandi viðhorf til svæðisins, trú á framtíð þess og hugsanlegir búferlaflutningar.	RHA
Viðhorf annarra landsmanna	Spurningar varðandi viðhorf til svæðisins, trú á framtíð þess, hugsanlega búferlaflutningar og jákvæða ímynd.	RHA
Breyting á íbúafjölda	Tölur um búferlaflutninga	RHA

Tafla 2. Stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu um 1500 frá árinu 2003 til 2007.

2 Stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu um 1500 frá árinu 2003 til 2007.		
<i>Mælikvarði:</i>	<i>Gögn:</i>	<i>Ábyrgðaraðili:</i>
Íbúafjöldi	Mannfjöldatölur	RHA

Tafla 3. Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.

3 Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.		
Mælikvarði:	Gögn:	Ábyrgðaraðili:
Þróun lykilþátta í samkeppnishæfni svæðisins	Akureyrarpúls – á netinu á akureyri.is	RHA
Fjöldi þátttakenda í verkefnavinnu á vegum klasanna.	Fjöldatölur frá hópstjórum klasanna	Byggðastofnun
Meta áhrif tekna af nýrri starfsemi á svæðið	Upplýsingar frá störfum klasanna (námskeið, þemavikur)	Byggðastofnun
Framlegð pr. ársverk	Fyrirtækjaskrá Hagstofnunnar Upplýsingar frá klasastjórum um fyrirtæki í klösum	Byggðastofnun
Velta pr. ársverk	Fyrirtækjaskrá Hagstofnunnar	Byggðastofnun
Hlutdeild svæðisins í útflutningi eða viðeigandi umsvifum klasa	Upplýsingar frá störfum klasanna Hagstofan hvaða fyrirtæki eru að stunda útflutning hér á þessu svæði	Byggðastofnun
Fjöldi forgangsverkefna sem unnið er að	Upplýsingar frá AFE og stjórn VAXEY	Byggðastofnun

Tafla 4. Þróá og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.

4 Þróá og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.		
Mælikvarði:	Gögn:	Ábyrgðaraðili:
Hlutfall klasa sem ná markmiðum sínum	Upplýsingar um störf klasanna	RHA
Fjöldi námskeiða sem VAXEY á þátt í	Upplýsingar úr störfum klasanna	RHA
Breytingar á menntunarstigi	Vinumarkaðskannanir og bakgrunnsbreytur viðhorfskannana LÍN – hugsanlega vísbendingar	Byggðastofnun og RHA

Tafla 5. Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.

5 Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.		
Mælikvarði:	Gögn:	Ábyrgðaraðili:
Fjöldi starfa eftir atvinnugreinum	Vinnumarkaðskannanir	Byggðastofnun
Fjöldi nýrra starfa sem VAXEY á þátt í	Upplýsingar úr störfum klasanna	Byggðastofnun
Hlutfall starfa yfir ákv. launatölu	Upplýsingar úr störfum klasanna Útsvarstekjur pr. sveitarfélag Samband ísl. sveitarfélaga, tekjujöfnunarframlag pr. íbúa	RHA
Fjöldi nýrra þjónustupátta sem VAXEY á þátt	Upplýsingar úr störfum klasanna – nýir vöruflokkar, aukið vöruframboð, sameiginleg átök	Byggðastofnun

Tafla 6. Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.

6 Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.		
Mælikvarði:	Gögn:	Ábyrgðaraðili:
Þátttaka í erlendum verkefnum	Upplýsingar úr störfum klasanna	RHA
Styrkir frá erlendum samstarfs- verkefnum	Upplýsingar úr störfum klasanna	RHA

Tafla 7. Laða að erlenda fjárfestingu og þekkingu.

7 Laða að erlenda fjárfestingu og þekkingu.		
Mælikvarði:	Gögn:	Ábyrgðaraðili:
Fjöldi erlendra fjárfestinga	Upplýsingar úr störfum klasanna og upplýsingar frá AFE	RHA

2. Niðurstöður mats á árangri

Í þessum kafla gefur að líta niðurstöður mats á árangri Vaxtarsamnings Eyjafjarðar fyrir þá mælipætti sem RHA bar ábyrgð á. Kaflanum er skipt niður eftir markmiðum samningsins.

2.1 Efla Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu

Litið er til þriggja þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningurinn hafi leitt til þess að Eyjafjarðarsvæðið hafi eflst sem eftirsóttur valkostur til búsetu (sjá mynd 3). RHA ber ábyrgð á þessum þremur mælipáttum.

1 Efla Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu.

- ✓ Viðhorf íbúa
- ✓ Viðhorf annarra landsmanna
- ✓ Breyting á mannfjölda innan svæðis

Mynd 2. Matsþættir sem litið var til varðandi eflingu Eyjafjarðarsvæðisins sem eftirsóttur valkostur til búsetu.

2.1.1 Viðhorf íbúa

Til þess að meta viðhorf íbúa svæðisins eru notaðar tvær spurningar úr spurningakönnunum RHA.

- Hefur þú mikla eða litla trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum?
- Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir á næstu tveimur til þremur árum flytja frá þeim stað þar sem þú býrð nú?

Árið 2005 kom í ljós í spurningakönnun hjá RHA meðal íbúa í Eyjafirði að 76% aðspurðra hafa mjög eða frekar mikla trú á jákvæðri þróun byggðarlags síns. Niðurstaða sambærilegrar spurningar árið 2007 sýnir að hlutfallið hefur hækkað aðeins en þá eru það 77% aðspurðra sem hefur mjög eða frekar mikla trú á jákvæðri þróun byggðarlags síns.

Árið 2005 kom í ljós í spurningakönnun hjá RHA meðal íbúa í Eyjafirði að 18% aðspurðra telja mjög eða frekar líklegt að þeir muni flytja frá byggðarlagi sínu innan þriggja ára. Niðurstaða sambærilegrar spurningar árið 2007 sýnir að hlutfallið hafði lækkað

nokkuð en þá svara 13,5% aðspurðra að þeir telji mjög eða frekar líklegt að þeir muni flytja frá byggðarlagi sínu innan þriggja ára.

2.1.2 Viðhorf annarra landsmanna

Til þess að meta viðhorf annarra landsmanna var ætlunin að nota upplýsingar úr lífskjarakönnun Akureyrarbæjar. Akureyrarbær hefur ekki enn séð sér fært að endurtaka þessa könnun og því hafa upplýsingar ekki fengist.

Einu fyrirliggjandi upplýsingarnar um viðhorf annarra landsmanna til svæðisins er að finna í gögnum um þann fjölda sem flust hefur til svæðisins en ætla má að þeir aðilar hefðu ekki flust þangað ef viðhorf þeirra væri ekki jákvætt. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands má sjá að það er aðallega Akureyri sem er að draga að sér fólk frá öðrum landssvæðum en flutningsjöfnuður er almennt neikvæður í hinum sveitarfélögum á svæðinu á þessu tímabili. Þó má sjá að tölvuverð hreyfing er á fólki innan svæðisins, þ.e. flutningar milli sveitarfélaga innan Eyjafjarðar og má rekja flesta búferlaflutninga í öðrum sveitarfélögum í Eyjafirði til slíkra breytinga.

Niðurstaðan er sú að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort landsmenn utan Eyjafjarðarsvæðisins líti á það sem eftirsóttan valkost til búsetu eða ekki.

2.1.3 Breyting á mannfjölda innan svæðisins

Til þess að meta breytinga á mannfjölda innan svæðisins eru notaðar tölur frá Hagstofu Íslands varðandi búferlaflutninga. Horft er til tveggja þátta:

1. Hvað er Eyjafjarðarsvæðið að draga til sín af þeim sem flytja til landsins?
2. Hvað er Eyjafjarðarsvæðið að draga til sín af heildarbúferlaflutningum landsins?

Þó nokkrar breytingar hafa verið á mannfjölda til og frá Eyjafjarðarsvæðinu á þeim tíma sem horft er til. Í upphafi Vaxtarsamningsins (árið 2004) var Eyjafjarðarsvæðið að draga til sín 4,7% þeirra sem fluttu til landsins. Árið 2005 var hlutfallið nokkuð minna eða 3,6% af þeim sem fluttu til landsins og árið 2006 var hlutfallið 3,5%. Árið

2007 hækkaði hlutfallið nokkuð og 4,3% þeirra sem fluttu til landsins fluttu á Eyjafjarðarsvæðið.

Árið 2004 fluttu fleiri frá Eyjafjarðarsvæðinu en fluttu til þess og var flutningsjöfnuðurinn -4,7%. Næstu tvö árin er hann ýmist jákvæður eða neikvæðir en árið 2007 fluttu mun fleiri til svæðisins en frá því eða 5,7%. Þarna hefur orðið veruleg breyting frá árinu 2004. Þegar horft er á þá sem flytjast milli svæða má sjá að 9,1% íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu fluttust milli svæða árið 2004 en hins vegar lækkar þetta hlutfall í 8,2% árið 2007.

Tafla 8. Breyting á mannfjölda innan svæðis 2004-2007.

Ár	Aðfluttir umfram brottflutta			Aðfluttir milli svæða			Aðfluttir til landsins		
	Höðub. sv.	Landsbyggð	Eyja-fjörður	Höðub. sv.	Landsbyggð	Eyja-fjörður	Höðub. sv.	Landsbyggð	Eyja-fjörður
2004	75,1%	24,9%	-4,7%	43,3%	56,6%	9,1%	57,7%	42,3%	4,7%
2005	32,8%	67,2%	1,7%	39,6%	60,4%	9,3%	52,7%	47,3%	3,6%
2006	52,4%	47,6%	-1,1%	40,7%	59,3%	7,5%	54,5%	45,5%	3,5%
2007	91,8%	8,2%	5,7%	37,8%	62,2%	8,2%	63,1%	36,9%	4,3%

2.1.4 Niðurstaða

Litið var til þriggja þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningurinn hafi leitt til þess að Eyjafjarðarsvæðið hafi eflst sem eftirsóttur valkostur til búsetu, (1) viðhorf íbúa, (2) viðhorf annarra landsmanna og (3) breytingu á íbúafjölda. Samkvæmt niðurstöðum þessara þriggja þátta er ekki hægt að fullyrða Eyjafjarðarsvæðið hafi eflst sem eftirsóttur valkostur til búsetu með tilkomu Vaxtarsamnings Eyjafjarðar á þessu tímabili sem þessi úttekt náði til.

2.2 Stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu

Litið var aðeins til eins þáttar við mat á því hvort Vaxtarsamningurinn hafi stuðlað að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu (sjá mynd 6). RHA bar ábyrgð á þessum mæliþætti.

2 Stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu um 1500 frá árinu 2003 til 2007.

✓ Íbúafjöldi

Mynd 3. Matsþáttur sem litið var til varðandi að stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu um 1500 frá árinu 2003 til 2007.

2.2.1 Íbúafjöldi

Til þess að meta fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu voru notaðar upplýsingar frá Hagstofu Íslands um íbúafjölda eftir sveitarfélögum á árunum 2003, 2004, 2005, 2006 og 2007.

Í upphafi verkefnisins þann 1. desember 2003 var íbúafjöldi svæðisins 21.536 íbúar. Í lok verkefnisins þann 1. desember 2007 var íbúafjöldi svæðisins 22.464 og hefur því íbúafjöldinn aukist um 928 manns. Á verkefnatímanum sameinuðust tvö sveitarfélög, Ólafsfjörður og Siglufjörður í sveitarfélagið Fjallabyggð. Siglufjörður var ekki inni í upphaflegum tölum og því var þeim sleppt í loka-tölum.

Tafla 9. Íbúafjöldi sveitarfélaga í Eyjafirði 2004-2007.

Sveitarfélag:	2003	2004	2005	2006	2007	% breyting
Akureyri	16.228	16.469	16.736	16.822	17.253	+6,3%
Ólafsfjörður	994	980	946	920	922	-7,2%
Dalvíkurbyggð	2.025	1.933	1.927	1.966	1.951	-3,7%
Arnarneshreppur	188	182	174	176	171	-9,0%
Eyjafjarðarsveit	958	995	978	998	1.009	+5,3%
Hörgárbyggð	371	391	399	411	416	+12,1%
Svalbarðsstrandarhreppur	376	362	382	381	385	+2,4%
Grýtubakkahreppur	396	388	366	368	357	-9,8%
Samtals:	21.536	21.700	21.908	22.042	22.464	+4,3%
Hækkun milli ára:	-	164	208	134	422	928
Takmarkið:		23.036	23.036	23.036	23.036	+7,0%

2.2.2 Niðurstaða

Markmið samningsins var að fjölga íbúum um 1500. Á tímabilinu fjölgaði íbúum um 928 eða 4,3%. Niðurstaðan er sú að markmið Vaxtarsamningsins um að stuðla að fjölgun íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu um 1500 náðist ekki á samningstíma Vaxtarsamningsins.

2.3 Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt

Litið er til sjö þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi leitt til þess að samkeppnishæfni svæðisins hafi aukist og hagvöxtur eflst (sjá mynd 4). RHA bar einungis ábyrgð á einum

mælipætti, þ.e. að skoða þróun lykilþátta í samkeppnishæfni svæðisins.

3 Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.

- ✓ Þróun lykilþátta í samkeppnishæfni svæðisins
- ✓ Fjöldi þátttakenda í verkefnavinnu á vegum klasanna
- ✓ Meta áhrif tekna af nýrri starfsemi á svæðið
- ✓ Framlegð pr. ársverk
- ✓ Velta pr. ársverk
- ✓ Hlutdeild svæðisins í útflutningi eða viðeigandi umsvifum klasa
- ✓ Fjöldi forgangsverkefna sem unnið er að

Mynd 4. Matsþættir sem litið var til varðandi að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.

2.3.1 Þróun lykilþátta í samkeppnishæfni svæðisins

Til þess að meta þróun lykilþátta í samkeppnishæfni svæðisins eru notaðar upplýsingar úr *Akureyrarpúlsi* en hann mælir helstu lykilþætti í samkeppnishæfni svæðisins bæði hvað varðar rekstrar- umhverfi og viðskiptaumhverfi.

Rekstrarumhverfið tekur á eftirfarandi þáttum:

- Atvinnuhúsnæði
- Launakostnaður
- Skattar, gjöld og ívilnanir
- Rafmagn, hitaveita og vatnsgjöld
- Flutningsmál
- Fjármagnskostnað

Viðskiptaumhverfið tekur á eftirfarandi þáttum:

- Fyrirtæki á Akureyri
- Markaðurinn
- Íbúaþróun
- Menntun og endurmenntun
- Samgöngur
- Fjarskipti
- Ferðamál
- Stoðkerfið
- Viðhorf fyrirtækja










Á athugunartímatilinu var Akureyrarpúlsinn uppfærður einu sinni og var það árið 2007. Niðurstöður þessar byggja því á breytingum á mælipáttum Akureyrarpúlsins frá árinu 2005 og til ársins 2007.

Tafla 10. Helstu breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækja árin 2005 og 2007.

Mælipáttur:	Breyting 2005-2007:	Athugasemd:
Atvinnuhúsnæði	↑	Kaup og leiga á bæði verslunar- og skrifstofuhúsnæði og iðnaðarhúsnæði hefur hækkað um fram vísitölu neysluverðs.
Launakostnaður	↑	Laun eru almennt lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Helsta breytingin á tímabilinu er sú að mun hærra hlutfall hefur hærri laun árið 2007 en árið 2005.
Skattar, gjöld og ívilnanir	↑	Fasteignaskattar hafa hækkað á tímabilinu umfram almennar verðhækkanir sem og sorpgjaldið. Lóðarleigan stendur í stað en hlutfall holrælsagjalds í fasteignamatí húss og lóðar hefur lækkað.
Rafmagn, hitaveita og vatnsgjöld	↓	Rafmagn, hitaveita og vatnsgjöld hafa ekki hækkað umfram almennar verðhækkanir á tímabilinu.
Flutningsmál	↓	Flutningskostnaður hefur ekki hækkað umfram almennar verðhækkanir á tímabilinu.
Fjármagnskostnaður	↑	Veðhæfi eigna hefur hækkað á tímabilinu.

Almennt séð hefur rekstrarumhverfi fyrirtækja tekið þó nokkrum breytingum á tímabilinu. Kostnaðarliðir sem horft var til geta ýmist haft jákvæð eða neikvæð áhrif á starfandi fyrirtæki eða ný fyrirtæki eftir því hvernig á það er litið. Atvinnuhúsnæði, launakostnaður, skattar, gjöld og ívilnanir og fjármagnskostnaður hefur hækkað á tímabilinu. Rafmagns, hitaveita og vatnsgjöld og flutningskostnaður hefur lækkað á tímabilinu. Þessar breytingar hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á fyrirtækin á svæðinu sem og ný fyrirtæki eftir því hvernig á það er litið. Húsnæði er orðið verðmætara sem er betra fyrir starfandi fyrirtæki en hins vegar getur virkað hamlandi fyrir fyrirtæki sem vilja koma inn á svæðið. Sama er að segja um veðhæfi eigna. Þess ber þó að geta að báðir þessir kostnaðarliðir eru mun lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Fasteignaskattar eru almennt þeir sömu og á höfuðborgarsvæðinu. Launakostnaður er einnig almennt nokkuð lægri á svæðinu en á höfuðborgarsvæðinu þó hann hafi aukist á tímabilinu. Rafmagn, hitaveita og vatnsgjöld og flutningskostnaður hafa í raun lækkað sem kemur bæði starfandi og nýjum fyrirtækjum vel.

Tafla 11. Helstu breytingar á viðskiptaumhverfi fyrirtækja árin 2005 og 2007

Mælipáttur:	Breyting 2005-2007:	Athugasemd:
Fyrirtæki á Akureyri		Fjöldi fyrirtækja á svæðinu hefur aukist í heildina. Þó hafa stór fyrirtæki minnkað við sig á tímabilinu og sum jafnvel hætt starfsemi. Í heildina hafa fleiri störf tapast á svæðinu en þau nýju störf sem myndast hafa. Á tímabilinu hefur velta fyrirtækjanna á svæðinu ekki aukist umfram fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.
Markaðurinn		Markaðssvæði fyrirtækjanna á svæðinu er einkum innan svæðis en landið í heild er þó vaxandi markaðssvæði þeirra.
Íbúapróun		Dregið hefur verulega úr aðdráttarafli höfuðborgarsvæðisins á síðustu árum og á árinu 2007 fluttust fleiri íbúar frá því en til. Ekki er að sjá að Eyjafjarðarsvæðið í heild sinni hafi dregið fólkið að sér í meira mæli en áður.
Menntun og endurmenntun		Gjarnan er talað um Akureyri sem skólabæ með tvo stóra framhaldsskóla og Háskóla, auk þess sem þar er starfrækt símenntunarmiðstöð. Hjá þessum námsstofnunum er fjöldi námsleiða í boði hvort sem um er að ræða hefðbundið nám eða sí- og endurmenntun. Framboðið hefur heldur aukist á tímabilinu.
Samgöngur		Samgöngur eru almennt mjög góðar til og frá svæðinu. Í boði eru flutningar með bæði með flugvélum og flutningabílum. Flugsamgöngur hafa dregist saman á tímabilinu en aðeins lítil hluti þess er fraktflug. Tvö stærstu flutningafyrirtæki landsins halda uppi reglulegum flutningum til og frá höfuðborgarsvæðisins. Ferðatíðni þeirra hefur heldur aukist á tímabilinu.
Fjarskipti		Öll nútíma fjarskiptatækni er til staðar á Akureyri, bæði til samskipta og gagnaflutninga. Um er að ræða háhraðaljósleiðaratengingar. Fjöldi sveitarfélaga á svæðinu með slíkar tengingar hefur aukist á tímabilinu.
Ferðamál		Akureyri er mjög vinsæll ferðamannastaður meðal íslenskra ferðamanna. Fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukist á tímabilinu. Gistinóttum á svæðinu hefur fjölgað á tímabilinu.
Stoðkerfið		Stoðkerfið er nokkuð öflugt á svæðinu í samanburði við önnur svæði á landsbyggðinni. Á Akureyri eru ýmsar stofnanir og sjóðir staðsettir. Einnig eru ýmsar stofnanir og sjóðir staðsettir annars staðar sem einnig þjóða Eyjafjarðarsvæðinu. Draga má ályktun um að stoðkerfið hafi frekar styrkst á tímabilinu heldur en hitt.
Viðhorf fyrirtækja		Ekki voru fáanlegar samanburðarhæfar upplýsingar um hvort viðhorf fyrirtækja hafi breyst á tímabilinu.

Almennt séð hefur viðskiptaumhverfi fyrirtækja tekið breytingum á tímabilinu. Eins og sjá má á töflu 11 hafa flestir þættir sem horft er til breyst á jákvæðan hátt sem hlýtur að vera gott fyrir starfandi sem og ný fyrirtæki. Markaðssvæði fyrirtækjanna hefur stækkað, þ.e. hlutdeild þeirra á innanlandsmarkaði er í minna mæli en áður bundið við Eyjafjarðarsvæðið og nágrannabyggðir. Auðveldara er en áður að koma vörunni á höfuðborgarsvæðið þar sem stærsti markhópurinn er, (meiri flutningatíðni, lægri flutningskostnaður) sem felur í sér aukin viðskiptatækifæri og betri rekstrargrundvöll. Mannafli er til staðar og gott aðgengi að menntun og sí- og endurmenntun á svæðinu leiðir til meiri möguleika á hæfu vinnuafli.

2.3.2 Niðurstaða

Litið var til sjö þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi leitt til þess að samkeppnishæfni svæðisins hafi aukist og hagvöxtur eflst (sjá mynd 4). RHA bar ábyrgð á einum mælipætti, þ.e. að skoða þróun lykilþátta í samkeppnishæfni svæðisins. Við það mat var horft til breytinga á rekstrar- og viðskiptaumhverfi fyrirtækja á svæðinu. Almennt má sjá að kostnaðarliðir er varða atvinnuhúsnæði hafa hækkað þó ekki meira en á höfuðborgarsvæðinu en kostnaðarliðir er varða sjálfan reksturinn hafa lækkað (rafmagn, hiti, vatn, flutningskostnaður). Viðskiptaumhverfið hefur þróast á jákvæðan hátt á tímabilinu.

Niðurstaðan er sú að rekstrar- og viðskiptaumhverfi fyrirtækja á svæðinu hefur þróast á jákvæðan hátt fyrir starfandi og ný fyrirtæki á svæðinu.

Þar sem hér er eingögnu um að ræða niðurstöður varðandi einn mælipátt af sjö er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi náð því markmiði sínu að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.

2.4 Þróa og styrkja vaxtargreinar og efla sérþekkingu

Litið er til þriggja þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi orðið til þess að vaxtargreinar svæðisins hafi þróast og styrkst og svæðisbundin sérþekking hafi eflst (sjá mynd 5). RHA bar ábyrgð á tveimur þeirra og RHA og Byggðastofnun báru sameiginlega ábyrgð á þeim þriðja.

4 *Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.*

- ✓ Hlutfall klasa sem ná markmiðum sínum
- ✓ Fjöldi námskeiða sem VAXEY á þátt í
- ✓ Breytingar á menntunarstigi

Mynd 5. Matsþættir sem litið var til varðandi að þróa og styrkja vaxtargreinar og efla sérþekkingu.

2.4.1 Hlutfall klasa sem ná markmiðum sínum

Til þess að meta hlutfall klasa sem náðu markmiðum sínum var leitað til klasastjóranna eftir upplýsingum. Í hverjum klasa hafa verið sett fram markmið með starfinu ásamt stöðupunktum. Á tímabilinu var leitað þrisvar sinnum eftir upplýsingum frá klasastjórunum á þar til gerðu eyðublaði. Samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust frá klasastjórum náðu allir klasarnir fjórir markmiðum sínum.

2.4.2 Fjöldi námskeiða sem VAXEY á þátt í

Til þess að skoða fjölda námskeiða sem VAXEY á þátt í var leitað eftir upplýsingum frá klasastjórum. Á tímabilinu var leitað þrisvar sinnum eftir upplýsingum frá klasastjórunum á þar til gerðu eyðublaði. Samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust má segja að allir klasarnir fjórir hafi á einhvern hátt komið að námskeiðum annað hvort beint eða óbeint ýmist með vinnu- og/eða fjárframlagi. Það er erfitt að tiltaka nákvæman fjölda námskeiða sem klasarnir tóku þátt í þar sem aðkoma þeirra var með ólíkum hætti. Sem dæmi má nefna að eitt af megin verkefnum mennta- og rannsóknaklasa var aðkoma að stofnun RES – Orkuskólans sem er alþjóðlegur háskóli á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Ferðamála-klasinn stóð t.d. fyrir leiðsögumannanámskeiðum og matvæla-klasinn styrkti meðal annars matargerðarnámskeið svo eitthvað sé nefnt.

2.4.3 Breytingar á menntunarstigi

Til þess að skoða breytingar á menntunarstigi mannfjöldans á svæðinu voru notaðar upplýsingar úr spurningakönnunum á vegum

RHA á tímabilinu. Í þessum könnunum eru svarendur spurðir um menntun sína og hún flokkuð niður í fjóra flokka; (1) grunnskólapróf, (2) grunnskólapróf + viðbót, (3) framhaldsskólapróf og (4) háskólapróf.

Tafla 12. Menntunarstig mannfjöldans á Eyjafjarðarsvæðinu.

Menntunarflokkar	Upphafsmæling	Milli mæling	Loka mæling
Grunnskólapróf	17%	16%	16%
Grunnskólapróf + viðbót	31%	28%	24%
Framhaldsskólapróf	35%	37%	40%
Háskólapróf	17%	19%	20%

Sjá má að niðurstöður spurningakannanna RHA sýna að menntunarstig þátttakenda í könnunum hefur breytst þannig að hærra hlutfall mælist nú en áður með framhaldsskólapróf og háskólapróf. Út frá þessum niðurstöðum er hægt að álykta að menntunarstig mannfjöldans á Eyjafjarðarsvæðinu hefur hækkað.

2.4.4 Niðurstaða

Litið var til þriggja þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi leitt til þróunar og styrkingu vaxtargreina svæðisins og eflt svæðisbundna sérþekkingu. Niðurstöður sýna að allir fjórir klasarnir náðu markmiðum sínu og allir klasarnir komu á einhvern hátt að námskeiðahaldi á tímabilinu. Jafnframt má álykta að menntunarstig mannfjöldans á Eyjafjarðarsvæðinu hafi hækkað. Út frá þessum upplýsingum er hægt að álykta sem svo að vaxtargreinar svæðisins hafa þróast og styrkst á tímabili Vaxtarsamnings Eyjafjarðar og svæðisbundin sérþekking hefur eflst.

2.5 Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu

Litið er til fjögurra þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi orðið til þess að fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum á svæðinu og eflt framboð á vörum og þjónustu (sjá mynd 6). RHA ber ábyrgð á einum þessara þátta, hlutfall starfa yfir ákveðinni launatölu.

5 Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.

- ✓ Fjöldi starfa eftir atvinnugreinum
- ✓ Fjöldi nýrra starfa sem VAXEY á þátt í
- ✓ Hlutfall starfa yfir ákveðinni launatölu
- ✓ Fjöldi nýrra þjónustupátta sem VAXEY á þátt í

Mynd 6. Matsþættir sem litið var til varðandi að fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.

2.5.1 Hlutfall starfa yfir ákveðinni launatölu

Samkvæmt Hagstofu Íslands og Ríkisskattstjóra liggja engar beinar upplýsingar fyrir varðandi hlutfall starfa yfir ákveðinni launatölu. Til þess að reyna að leggja mat á þennan þátt þá voru notaðar upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um staðgreiðslu og tekjujöfnunarframlag á hvern íbúa í sveitarfélögunum í Eyjafirði. Þær gefa vísbendingar um breytingar á meðallaunum íbúa svæðisins í samanburði við landsmeðaltal.

Tafla 13. Staðgreiðsla á hvern íbúa eftir sveitarfélögum, á verðlagi ársins 2007.

Sveitarfélag:	2005	2006	2007	Breyting %
Akureyri	236.844	255.488	257.565	11%
Ólafsfjörður	265.715	279.409	292.152	6%
Dalvíkurbyggð	222.723	231.856	235.830	12%
Arnarneshreppur	215.493	239.770	258.156	31%
Eyjafjarðarsveit	197.914	220.438	228.386	15%
Hörgárbyggð	185.455	203.525	210.477	13%
Svalbarðsstrandarhreppur	199.811	219.551	225.888	14%
Grýtubakkahreppur	245.708	252.037	240.622	5%
Svæðið alls:	233.540	252.647	228.139	12%
Höfuðborgarsvæðið:	258.691	294.026	305.839	18%
Landið allt:	248.055	279.975	289.528	17%

Samkvæmt töflu 13 má sjá að staðgreiðsla á hvern íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu hefur hækkað um 12% á milli árána 2005 og

2007. Það er mun minni hækkun en hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu (18%) og á landinu öllu (17%).

Tafla 14. Tekjujöfnunarframlag á hvern íbúa eftir sveitarfélögum:

Sveitarfélag:	2005	2006	2007	Breyting %
Akureyri	13.659	13.864	14.788	8%
Ólafsfjörður	0	0	0	-
Dalvíkurbyggð	25.800	27.578	40.946	59%
Arnarneshreppur	4.514	0	5.842	29%
Eyjafjarðarsveit	56.904	50.172	52.193	-8%
Hörgárbyggð	29.346	23.992	29.053	-1%
Svalbarðsstrandarhreppur	35.741	37.441	35.229	-1%
Grýtubakkahreppur	11.364	16.234	26.507	133%
Svæðið alls:	16.640	15.721	17.859	7%
Höfuðborgarsvæðið	0	0	0	-
Landið allt:	3.878	3.851	4.053	5%

Samkvæmt töflu 14 má sjá að tekjujöfnunarframlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á hvern íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu hefur hækkað um 7% á milli árána 2005 og 2007. Það er mun meiri hækkun en hefur orðið á landsvísu (5%). Þetta þýðir í raun að skatttekjur sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu teljast lægri en annarra sveitarfélaga á landinu af sambærilegri stærð og fara lækkandi.

2.5.2 Niðurstaða

Litið var til fjögurra þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hefði orðið til þess að fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum á svæðinu og eflt framboð á vörum og þjónustu (sjá mynd 6). RHA bar ábyrgð á einum af fjórum mælikvörðum fyrir þetta markmið og því verður ekki lagt mat á það hvort það náðist.

Niðurstöður þessa mælikvarða benda til þess að laun á Eyjafjarðarsvæðinu séu almennt lægri en á landsvísu, sérstaklega höfuðborgarsvæðinu.

2.6 Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum

Litið er til tveggja þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi orðið til þess að möguleikar séu nýttir sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum á svæðinu (sjá mynd 7). RHA bar ábyrgð á báðum þessum þáttum.

6 Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.

- ✓ Þátttaka fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum
- ✓ Styrkir frá erlendum samstarfsverkefnum

Mynd 7. Matsþættir sem litið var til varðandi að nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.

2.6.1 Þátttaka fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum

Til þess að meta þátttöku fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum var ætlunin að leita til fyrirtækja sem virk voru í klasastarfi og safna saman upplýsingum á þar til gerðu eyðublaði. Forsenda þess að ná þessum upplýsingum var að fá lista yfir virk fyrirtæki frá klasastjórum. Vægast sagt voru flestir klasastjórar ósamvinnufúsir varðandi þetta og töldu að ekki væri hægt að leggja meiri vinnu á fyrirtækin sem mættu á fundi með þeim í sjálfböðavinnu. Eyðublaðið var því aðeins sent á fyrirtæki sem tilheyrðu einum klasanna og sendi um helmingur þeirra inn útfyllt eyðublað. Ákveðið var að reyna aðrar leiðir við að fá upplýsingar inn í þennan mælipátt. Klasastjórar voru beðnir um að spyrja óformlega á fundi hjá sér hvort fyrirtækin tækju þátt í alþjóðlegum verkefnum en einnig voru klasastjórar inntir eftir því hvort eitthvað í þeirra vinnu hefði stuðlað að erlendu samstarfi. Jafnframt var tvisvar sinnum á tímabilinu sendur póstur á nokkur öflug fyrirtæki á svæðinu og spurt út í erlent samstarf og hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi haft þar áhrif á.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust má segja að Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi lítil áhrif haft á þátttöku fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum.

2.6.2 Styrkur frá erlendum samstarfsverkefnum

Til þess að meta styrk frá erlendum samstarfsverkefnum var ætlunin að leita til fyrirtækja sem virk voru í klasastarfi og safna saman upplýsingum á þar til gerðu eyðublaði. Forsenda þess að ná þessum upplýsingum af að fá lista yfir virk fyrirtæki frá klasastjórum. Vægast sagt voru flestir klasastjórar ósamvinnufúsir varðandi þetta og töldu að ekki væri hægt að leggja meiri vinnu á fyrirtækin sem mættu á fundi með þeim í sjálfböðavinnu. Eyðublaðið var því aðeins sent á fyrirtæki sem tilheyrðu einum klasanna og sendu um helmingur þeirra inn útfyllt eyðublað. Ákveðið var að reyna aðrar leiðir við að fá upplýsingar inn í þennan mælipátt. Klasastjórar voru beðnir um að spyrja óformlega á fundi hjá sér hvort fyrirtækin hafi fengið styrk frá erlendum samstarfsverkefnum. Jafnframt var tvisvar sinnum á tímabilinu sendur póstur á nokkur öflug fyrirtæki á svæðinu og spurt út í styrki frá erlendum samstarfsverkefnum og hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi haft þar áhrif á.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust má segja að fá fyrirtæki af þeim sem sendu inn upplýsingar hafi fengið styrk úr erlendum samstarfsverkefnum. Ekki er merkjanlegt samkvæmt þeim upplýsingum sem safnað var að Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi stuðlað beint að því að fyrirtæki á svæðinu hafi fengið styrk frá erlendum samstarfsverkefnum.

2.6.3 Niðurstaða

Litið var til tveggja þátta við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hefði orðið til þess að nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum. Niðurstöður mælikvarðanna benda til þess Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi haft þar lítil áhrif á.

2.7 Laða að erlenda fjárfestingu og þekkingu

Litið er til eins þáttar við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi laðað að erlenda fjárfestingu og þekkingu á svæðið (sjá mynd 8). RHA bar ábyrgð á þessum þætti.

7 Laða að erlenda fjárfestingu og þekkingu.

- ✓ Fjöldi erlendra fjárfesta

Mynd 8. Matsþáttur sem litið var til varðandi að laða að erlenda fjárfestingu og þekkingu.

2.7.1 Fjöldi erlendra fjárfesta

Til þess að meta fjölda erlendra fjárfesta sem Vaxtarsamningur Eyjafjarðar á þátt í að laða inn á svæðið var leitað til klasastjóranna eftir upplýsingum. Á tímabilinu var leitað þrisvar sinnum eftir upplýsingum frá klasastjórunum á þar til gerðu eyðublaði. Auk sem sem á einum tímapunkti var leitað eftir upplýsingum frá Atvinnu-
þróunarfélagi Eyjafjarðar. Ekki er að sjá á þeim upplýsingum sem bárust að Vaxtarsamningur Eyjafjarðar sem slíkur hafi orðið til þess að laða að fjölda erlendra fjárfesta.

2.7.2 Niðurstaða

Litið var til eins þáttar við mat á því hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hefði orðið til þess laða að fjölda erlendra fjárfesta inn á svæðið. Niðurstöður benda til þess Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi í litlu eða nær engum mæli laðað að erlenda fjárfesta.

3. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið farið yfir helstu mælikvarða sem RHA bar ábyrgð á við mat á skilgreindum þáttum á tímabili Vaxtarsamnings Eyjafjarðar (2004-2007) og starfsemi einstaka klasa.

Mælikvarðarnir byggðust á því að svara þeirri spurningu hvort Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hafi náð þeim sjö markmiðum sem honum var ætlað að uppfylla. Þar sem þessi skýrsla inniheldur einungis hluta af þeim mælikvörðum sem þar lágu á baki verður ekki tekin afstaða til þess hversu vel Vaxtarsamningur Eyjafjarðar tókst ætlunarverk sitt.